Sþ. **292. Breytingartillögur** [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 4. gr. 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „58 000“ kemur | 98 000 |
| 2. | Við 4. gr. 02 307 Menntaskóli á Austurlandi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „200 000“ kemur | 240 000 |
| 3. | Við 4. gr. 02 563 Tónlistarfræðsla. Nýir liðir: | |
| | 107 Hellissandur | 400 |
| | 108 Seyðisfjörður | 400 |
| | 109 Eskifj./Reyðarfj. | 800 |
| | 110 Garðabær | 400 |
| 4. | Við 4. gr. 02 982 0412 Til listasafna. | |
| | Fyrir „4 000“ kemur | 6 000 |
| 5. | Við 4. gr. 06 207 Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. | |
| | Fyrir „2 280“ kemur | 12 280 |
| 6. | Við 4. gr. 06 282 0103 Lögreglubifreiðar. | |
| | Fyrir „36 000“ kemur | 46 000 |
| 7. | Við 4. gr. 07 974 Styrktarsjóður fatlaðra. | |
| | Fyrir „7 000“ kemur | 10 500 |
| 8. | Við 4. gr. 07 981 0110. Liðurinn orðast svo: | |
| | Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaga, BSRB og BHM | 27 000 |
| 9. | Við 4. gr. 07 981 0115 Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi. | |
| | a. Liðurinn fellur niður. | |
| | b. Nýr liður: | |
| | 0116 Til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála | 5 000 |
| 10. | Við 4. gr. 10 333 0111 Landshöfn Keflavík—Njarðvík. | |
| | Fyrir „50 000“ kemur | 100 000 |

11. Við 6. gr. XLIII. Nýir liðir:

a. Að lækka ríkisútgjöld á árinu 1979 um allt að 1 000 m.kr.

b. Að breyta fjárhæðum til rekstrar- og fjárfestingarútgjalda sem fjármagnaðar eru með lánsfé í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979, þegar hún hefur verið afgreidd af Alþingi.

c. Að fresta ákvörðun um heimild til erlendrar lántöku og ríkisábyrgða þar til lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 hefur verið afgreidd.

d. Að selja 3., 4. og 5. hæð húseignarinnar nr. 166 við Laugaveg.

e. Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi menntamálaráðuneytis.

f. Að selja hluta ríkissjóðs í húseigninni Blátún, Eyrarbakka.

g. Að selja húseignina nr. 2 við Merkurstein, Eyrarbakka.

h. Að festa kaup á húsnæði fyrir borgardómara- og borgarfógetaembættin í Reykjavík.

i. Að kaupa að hluta hlutafjáreign Steindórs Jónssonar í flóabátnum Drangi hf., í réttu hlutfalli við núverandi hlutafjáreign í félaginu.

j. Að taka lán allt að 50 millj. kr. til þess að greiða undirbúningskostnað vegna smíði strandferðaskipa.

k. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum og búnaði fyrir tilraunaverksmiðju Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

l. Að endurgreiða söluskatt af kirkjuorgeli sem keypt hefur verið fyrir Kálfholtskirkju í Kirkjuhvolssókn og Egilsstaðakirkju.
m. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað.
n. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið, sem Seyðisfjarðarkaupstaður hefur fest kaup á.
o. Að ábyrgjast lán vegna Hríseyjarferju allt að 19 m.kr.
p. Að bæta tjón og greiða kostnað við varnir vegna búfjársjúkdóma og taka til þess nauðsynleg lán.
r. Að greiða kostnað við störf nefndar er skipuð verður til framkvæmda því ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðar um öryggismál íslenska lýðveldisins“.
s. Að festa kaup á þeim hluta Nesstofu, sem er í einkaeign, ásamt hæfilegri lóð.
t. Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9 í Garðakaupstað til skólahalds.
u. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til mengunarvarna, sem sett eru upp að kröfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd undanþágu þessarar.

12. Við 6. gr. XLIV (Útgáfa ríkisskuldabréfa eða spariskírteina).
Fyrir „3 500 m.kr.“ kemur: 4 200 m.kr.
13. Við 6. gr. XLVII (Lán til byggingar þjóðarbókhlöðu).
Fyrir „200 m. kr.“ kemur: 75 m.kr.
14. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Skattvísitala árið 1979 skal vera 320 stig miðað við 100 stig 1975.